

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um prestssetrasjóð nr. 826/2000.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum prestssetrasjóð nr. 826/2000.

1. gr.

Við starfsreglurnar bætist ný 6. gr. svohljóðandi:

Um meðferð greiðslumarks sauðfjár á prestssetursjörðum.

Ef greiðslumark fylgir prestssetursjörð skal presti eða vörsluaðila heimilt að selja það presti á annarri prestssetursjörð í umsýslu prestssetrasjóðs með endurkaupsákvæðum. Greiðslumark sauðfjár er hluti af þeim eignum og réttindum sem fylgja prestssetrum sem ekki eru talin til fasteignamats jarðarinnar. Stjórn prestssetrasjóðs ákveður árlega afgjald, sem prestur innir af hendi vegna umsýslu prestssetrasjóðs. Kúgildi prestssetursjarða skulu standa óbreytt og geta aldrei verið hluti af greiðslumarki.

2. gr.

6. gr. verður 7. gr. og tölusetning annarra greina starfsreglnanna breytist á sama hátt.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-
hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi nú þegar.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2003.

Hulda Guðmundsdóttir,
varaforseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2003.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.